

64 *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu um*
 29. apríl *hlunnindi handa sparisjóði.* — Útaf beiðni er hingað hefir borizt beina leið frá forstöðunefnd sparisjóðsins í Húnavatnssýslu, vil jeg hjermeð veita nefndum sparisjóði um 5 ára tímabil frá 1. maí þ. á. að reikna hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874, með þeim skilyrðum, að trygging sú, sem sparisjóðurinn veitir, ekki rýrni, að ákvarðananna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju eptirrit af ársreikningi sjóðsins, samið í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, er verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd tjeðs sparisjóðs.

65 *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu um*
 29. apríl *hlunnindi handa sparisjóði.* — Útaf beiðni, er hingað hefir borizt beina leið frá forstöðunefnd sparisjóðs Kinnunga í Þingeyjarsýslu, vil jeg hjermeð endurveita nefndum sparisjóði um 5 ára tímabil frá 1. oktbr. þ. á. að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874, með þeim skilyrðum, að trygging sú sem sparisjóðurinn nú veitir, ekki rýrni, að ákvarðananna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju eptirrit af ársreikningi sjóðsins, samið í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, er verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd tjeðs sparisjóðs.

66 *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjöld til fulltrúa stjórn-*
 17. apríl *arinnar á alþingi 1897.* — Samkvæmt allræðegnsamlegustum tillögum ráðgjafans fyrir Ísland hefir hans hátign konunginum 13. þ. m. allramildilegast þóknast að samþykkja, að gjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1897 sjeu ákveðin 2000 krónur.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

Samþykkt

um kynbætur hesta.

Sýslunefndin í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefir samkvæmt lögum 11. desbr. 1891, um samþykktir um kynbætur hesta, gjört eptirfylgjandi samþykkt fyrir nefnda sýslu um kynbætur hesta.